

## **197. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs. haldinn 5. janúar 2011, kl. 9:00 að Austurvegi 56.**

Mætt: Gunnar Egilsson, Gunnar Þorgeirsson, Ari Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

- 1. Tillögur stjórnar SOS og svör Sveitarfélagsins Ölfuss.**  
Lögð fram bréf, dagsett 20.10.10 og 9. 11.10 sem SOS hefur sent Sveitarfélaginu Ölfusi og svarbréf frá sveitarfélaginu dagsett 3. janúar 2011. Stjórn SOS þakkar sveitarfélaginu þær viðræður sem fram hafa farið. Stjórn Sorpstöðvarinnar mun í framhaldinu skoða þá valkosti sem eru í boði.
- 2. Samantekt á upplýsingum er varða framtíðarskipulag úrgangsmæðhöndlunar á Suðurlandi.**  
Samþykkt að stjórnin haldi sérstakan fund um hlutverk Sorpstöðvarinnar á sviði úrgangsmæðhöndlunar á Suðurlandi. Fundur ákveðinn 20.1.2011, kl 9.
- 3. Stefnumótun vegna gjaldskrár Sorpstöðvarinnar (sbr. tillögur frá sl. ársþingi).**  
Vísað til næsta fundar.
- 4. Tillögur að reglum um meðhöndlun sláturúrgangs.**  
Lagðar fram tillögur samráðsnefndar sorpsamlaganna á suðvesturlandi að reglum um meðhöndlun og förgun sláturúrgangs frá 23.08.2010  
Reglurnar samþykktar samhljóða.
- 5. Fundargerð verkefnisstjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um aukna hagsmunagæslu íslenskra sveitarfélaga á sviði úrgangsmála 3. desember 2010.**  
Fundargerð lögð fram.  
Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands tekur undir bókun verkefnisstjórnar í lið 2 í fundargerðinni.
- 6. Fundargerð samráðsnefndar sorpsamlaganna 7. des 2010.**  
Lögð fram til kynningar.

## Önnur mál.

- a. Sorpa bréf frá 22. desember – nýtt skráningakerfi  
Lagt fram til kynningar.
- b. Landvernd 22. desember umsókn um stuðning við Vistvernd í verki 2011.  
Því miður sér stjórn ekki færi á að styrkja verkefnið 2011.
- c. Kristján Einarsson bréf frá nóvember og 22. desember, varðar fok frá umhleðslustöð Sorpstöðvar Suðurlands bs.  
Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu.
- d. Sorpmagn 2010 – óstaðfestar tölur.  
Vísað til næsta fundar.
- e. Húsnæðismál.  
Til kynningar. Fundur um málið boðaður 14. janúar.
- f. Samband íslenskra sveitarfélaga, um verkfallslista 2011.  
Framkvæmdastjóra falið að tilkynna um hvaða starfsmaður Sorpstöðvar Suðurlands bs. sé undanþeginn verkfallsskyldu.

Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands bs. fór í lok fundar í vettvangsskoðun á umhleðslustöð stöðvarinnar. Allur aðbúnaður er eins og best verður við komið miðað við aðstæður á staðnum. Unnið verður enn frekar að þróun fokvarna og því að rekstur stöðvarinnar verði án truflunar fyrir umhverfi hennar.

Fundi slitið kl 13:10.